

<b>Gengi (EUR)</b> 99,76	<b>Gengismunur</b> 1,0%	<b>Umsýsluþóknun</b> 1,5%	<b>Kaupþóknun</b> 0,0%	<b>Stærð</b> 10,1 mln EUR
-----------------------------	----------------------------	------------------------------	---------------------------	------------------------------


## GAMMA: GLOBAL Invest Fund

GAMMA: GLOBAL Invest er fjárfestingarsjóður, skv. lögum 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingarsjóði, sem fjárfestir í erlendum fjárfestingarkostum. Sjóðurinn fjárfestir að mestu leyti í erlendum hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða (UCITS), fjárfestingarsjóða (AIF) og fagfjárfestingarsjóða, en hefur einnig heimildir til að fjárfesta beint í erlendum framseljanlegum verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, innlánnum fjármálafrýrtækja og afleiðum.

Fjárfestingarmarkmið sjóðsins er að viðhalda og auka að raunvirði verðmæti eigenda sjóðsins með virkri stýringu. Helstu fjárfestingarákvarðanir sjóðsins eru ákvarðaðar af fjárfestingarteymi GAMMA. Víðtæk sérfræðikunnátta starfsmanna GAMMA á íslenskum og erlendum fjármálamörkuðum á sviði skuldabréfa og hlutabréfa verður nýtt til að ná sem bestri ávöxtun að teknu tilliti til áhættu.

Aðgangur að víðtækri þekkingu og fjölbreyttu vöruúrvali erlendra samstarfsaðila GAMMA gerir sjóðnum kleift að fjárfesta í dreifðum eignasöfnum og sjóðum þar sem undirliggjandi eignir geta meðal annars verið hlutabréf, skuldabréf, fasteignir og sérhæfðar fjárfestingar.

## Gengisþróun



\*Gengi frá 1.1.17

\*\*Söguleg ávöxtun gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun

## Samstarfsaðilar

**PIMCO** er eitt stærsta og virtasta sjóðastýringarfyrtæki í heimi stofnað 1971 með \$1400 milljarðar stýringu og rúmlega 2.300 starfsmenn í 13 löndum. Meðal viðskiptavina PIMCO eru milljónir einstaklinga, mörg stærstu tryggingarfélag og lífeyrissjóðir heims, góðgerðarsamtök ofl. PIMCO eru frumkvöðlar í "Total Return" sem byggir á því að horfa frekar til heildarávöxtunar fjárfestinga en ekki eingöngu breytinga á markaðsvirði sem þykir algilt í dag en var ekki á áttunda áratugnum.

**GAM** er alþjóðlegt eignarstýringarfyrtæki stofnað árið 1893 sem býður upp á mikið úrval sjóða með \$130 milljarða í stýringu. Yfir 1000 starfsmenn í 11 löndum með yfir 16 ára starfsreynslu í fjármálum að meðaltali. GAM vinnur út frá „open architecture“ og býður upp á sjóðasjóði sem fjárfesta í þeim sjóðum/sjóðsstjórum sem þeir meta besta hverju sinni, óháð sjóðastýringarfyrtækni.


## Fjárfestingarviðmið

Hlutdeildarskírteini AIF sjóða:.....	0-50%
Hlutdeildarskírteini UCITS:.....	25-75%
Fagfjárfestingarsjóðir:.....	0-20%
Erlend skuldabréf, skráð eða óskráð:.....	0-15%
Erlend hlutabréf, skráð eða óskráð:.....	0-15%
Innlán: .....	0-30%
Afleiður:.....	0-60%

## Helstu upplýsingar

<b>Rekstrarform:</b>	Fjárfestingarsjóður
<b>Gjaldmiðill:</b>	EUR
<b>Lágmarksupphæð:</b>	100 EUR
<b>Sölutímabil:</b>	Viðskiptadagar fyrir kl. 14:00
<b>Gengisuppreikningur:</b>	Daglega í lok dags (T+3)
<b>Skráning:</b>	Rafrænt hjá Verðbréfaskr.
<b>Rekstraraðili:</b>	GAMMA
<b>Vörsluaðili:</b>	T plús
<b>Stofnár:</b>	2016
<b>ISIN kóði:</b>	IS0000027928
<b>Bloomberg auðkenni:</b>	n/a
<b>LEI númer:</b>	254900X45LFS01ZLWD98

## Eignasamsetning (gjaldmiðlar og eignir)



## 10 stærstu eignir

1. CRECF V - 11%
2. GAMMA: ANGLIA - 10%
3. PIMCO RAE Fundamental Europe - 10%
4. PIMCO Income fund - 10%
5. Simba Sleep Limited - 7%
6. iShares Edge MSCI WLD MNVL USD A - 7%
7. PIMCO StocksPLUS - 5%
8. PIMCO Euro Income Bond fund - 5%
9. CTRCF June 2022 EUR - 5%
10. DNB OBX ETF - 4%

## GAMMA Capital Management

**Reykjavík**  
Garðastræti 37, 101 Reykjavík  
Sími: 519 3300  
gamma@gamma.is



**London**  
25 Upper Brook Street, Mayfair,  
London W1K7QD  
Sími: +44 (0) 207 429 2200  
gcm@gcm.co.uk



## Sýn sjóðsstjóra

GAMMA: Global Invest, er sérhæfður alþjóðlegur fjárfestingarsjóður GAMMA Capital Management, sem leitast vð að ná fram mikilli eignadreifingu, bæði á milli eignaflokka og á milli landsvæða, með áhættudreifingu að leiðarljósi. Með kaupum í GAMMA: Global fæst virk stýring á erlendum fjármálamörkuðum og í gegnum samstarfsaðila GAMMA hefur sjóðurinn aðgang að úrvali sjóða á kjörum sem alla jafna standa almennum fjárfestum ekki til boða.

Sjóðurinn er skráður í evrum og er 12 mln EUR að stærð og hefur fjárfest í sjóðum í Dollurum, Pundum, Norskum krónum sem og Evrum hjá samstarfsaðilum okkar PIMCO, GAM, DNB og Cheyne.

Sjóðurinn fjárfestir í erlendum verðbréfasjóðum (UCITS), erlendum fjárfestingarsjóðum (AIF) og erlendum fagfjárfestasjóðum, þar sem undirliggjandi eignir geta meðal annars verið hlutabréf, skuldabréf, fasteignir og sérhæfðar fjárfestingar, auk þess sem hann hefur heimild til beinna fjárfestinga, m.a. í erlendum hlutabréfum og skuldabréfum.

Undanfarin misseri hafa heilt yfir verið góð á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Bjartsýni fjárfesta hefur verið drifin áfram af sterkum hagvexti í heiminum þar sem vöxtur í Asíu og Evrópu var umfram væntingar. Hlutabréfamarkaðir hækkuðu töluvert á síðasta ári og þá sérstaklega í Bandaríkjunum en sem dæmi hækkaði Nasdaq vísitalan í Bandaríkjunum um tæp 30% en meðal fyrirtækja í vísitölu eru nokkur af stærstu tæknifyrirtækjum heims. Hlutabréfaverð í Asíu hækkaði einnig mikið þar sem margar vísitölur hækkuðu um meira en 20%. Hækkunar á hlutabréfaverði í Evrópu var heldur minni en þó var ávöxtun góð í flestum löndum. Miklar breytingar á gjaldmiðlum einkenndu síðasta ár og þá sérstaklega veiking dollar gagnvart flestum af stærstu gjaldmiðlum heims, t.a.m. veiktist dollarinn um rúmlega 12% gagnvart evrunni á árinu sem leið.

Þrátt fyrir miklar hækkunar á hlutabréfamörkuðum á síðasta ári eru flestir sérfræðingar á þeirri skoðun að gangur heimshagkerfisins verði með sterkasta móti á þessu ári. Nýlega hækkaði Alþjóðlegi Gjaldveirissjóðurinn spá sína um heimshagvöxt á árinu en þeir gera ráð fyrir 3,9% hagvexti á heimsvísu en það yrði mesti hagvöxtur síðan 2010. Væntingar um sterkan hagvöxt er að miklu leyti tilkomnar vegna sterkari hagvaxtar í þróuðum ríkjum en áður hafði verið búist við og áhrifa af skattalækkunum í BNA. Þrátt fyrir bjartsýni fjárfesta eru áhættuþættir framundan og má gera ráð fyrir að flökt á markaði aukist frá því á síðast ári enda voru verðsveiflur í sögulega lágmarki. Það sem fjárfestar munu fylgjast vel með á þessu ári er hvernig þróun á peningastefnu seðlabanka í Evrópu og Bandaríkjunum muni þróast, bæði hvað varða væntingar um þróun vaxta og verðbólgu og svo magnihlutun evrópska seðlabankans.

## Áhætta

Ýmis áhætta felst í fjárfestingu í fjárfestingarsjóði. Ber þar helst að geta markaðs-, vaxta-, lausafjár- og mótaðilaáhættu sem mynda óvissu um framtíðar framvindu á verðbréfamarkaði. Gjaldveirisáhætta er einnig til staðar þar sem sjóðurinn er í EUR og fjárfestir erlendis. Sjóðurinn hefur víðtækar heimildir og fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum fyrirtækja eru eðli málsins samkvæmt áhættusamari en fjárfestingar í ríkistryggðum eignum. Sjóðurinn hefur heimildir til að nýta afleiður, en ítarlega er um þær fjallað og áhættu sem þeim tengist í útboðslýsingu sjóðsins. Dregið er úr lausafjáráhættu með því að geyma hluta eignasafnsins í reiðufé eða auðseljanlegum eignum. Meðallíftími sjóðsins í skuldabréfum getur verið þónokkur sem myndar vaxtaáhættu. Nánari upplýsingar um áhættu sjóða ásamt útboðslýsingu og reglum má nálgast á [www.gamma.is](http://www.gamma.is).

## Um GAMMA og sjóðsstjóra

GAMMA Capital Management hf. [GAMMA] er rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. GAMMA var stofnað í júní 2008 og er með 140 milljarða króna í stýringu fyrir lífeyrissjóði, tryggingafélag, fyrirtæki og einstaklinga.

Sjóðsstjóri er Valdimar Ármann, hagfræðingur og fjármálaverkfræðingur, framkvæmdastjóri sjóða GAMMA. Áður starfaði hann hjá ABN AMRO í London við verðbólguþengdar afurðir frá 2003-2006 og síðan í New York frá 2006-2008 hjá sama banka, og síðast hjá Royal Bank of Scotland sem Vice President, Head of Inflation Structuring USA. Valdimar starfaði árin 2000-2002 hjá Búnaðarbankanum í afleiðum og gjaldveirviðskiptum. Valdimar er einnig aðjúnkt við Háskóla Íslands og kennir hann nú m.a. námskeiðið Skuldabréf í meistaranámi í fjármálahagfræði. Valdimar hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum í London, New York og á Íslandi.

Fyrirvari: Umfjöllun þessi felur ekki í sér fjárfestingarráðgjöf eða tilboð eða hvatningu um að eiga viðskipti með verðbréf. Mat, álit og forspár endurspeglar eingöngu skoðanir þeirra starfsmanna GAMMA Capital Management hf. sem vinna umfjöllunina og eru þær settar fram eftir bestu samvisku miðað við útgáfudag og kunna að breytast án fyrirvara. Þó svo upplýsingar þær sem birtast í þessari umfjöllun komi frá heimildum sem við teljum vera áreiðanlegar og þó svo við höfum lagt okkur fram um að tryggja áreiðanleika upplýsinganna á útgáfudegi þá ábyrgjumst við ekki beint eða óbeint notagildi þeirra varðandi forspá um framtíðarávöxtun eða mat á núverandi verðgildi eða framtíðarverðgildi verðbréfa. Umfjöllunin ætti hvorki að skoðast sem fullnægjandi lýsing á þeim verðbréfum né á þeim mörkuðum sem hér er vitnað til. Skoðanir, sem látnar eru í ljós, kunna að vera ólíkar skoðunum á sama efni sem látnar eru í ljós af öðrum starfsmönnum GAMMA Capital Management hf. og stafar það af því að beitt er mismunandi forsendum eða aðferðafræði. GAMMA Capital Management hf. er rekstrarfélag Fjárfestingarsjóðs GAMMA. Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Nánari upplýsingar um áhættu og fjárfestingar má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á heimasíðu GAMMA Capital Management hf. eða á skrifstofu félagsins. Almennt fylgir áhætta fjárfestingu í fjárfestingarsjóðum og eignarhlutdeild getur rýrnað, aukist eða staðið í stað, m.a. vegna áhættu vegna efnahagsástands, alþjóðlegra fjárfestinga og gengisflöxts gjaldmiðils þegar eignir sjóðs eru í erlendum gjaldmiðlum. Athygli er vakin á því að söguleg ávöxtun gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun.

## Helstu atriði

- Alþjóðleg eignadreifing í einum sjóði.
- Nýr fjárfestingarsjóður.
- Skráður í evrum.
- Fjárfestir einkum í erlendum verðbréfa- og fagfjárfestasjóðum.
- Samstarf við öfluga erlenda banka og sjóðstýringarfyrirtæki.

## Helstu áhættuþættir

- **Markaðsáhætta:** Þó nokkur
- **Mótaðilaáhætta:** Þó nokkur
- **Lausafjáráhætta:** Miðlungs
- **Vaxtaáhætta:** Miðlungs
- **Gjaldveirisáhætta:** Mikil

## Fjárfestingarteymi

Valdimar Ármann Sjóðsstjóri  
valdimar@gamma.is s: 519 3304

Agnar T. Möller  
agnar@gamma.is s: 519 3302

Guðmundur Björnsson  
mummi@gamma.is s: 519 3303